

Ed.

648. Breytingartillögur

[281. mál]

við frv. til laga um almannatryggingar.

Flm.: Gils Guðmundsson.

1. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Aðalskrifstofur Tryggingastofnunar ríkisins eru í Reykjavík.

Utan Reykjavíkur skulu sjúkrasamlög annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina hvert á sínu samlagssvæði. Þóknun til sjúkrasamlaga fyrir umboðsstörfina skulu ákveðin í reglugerð.

2. Við 9. gr. Við greinina bætist:

Tryggingastofnunin skal leggja sérstaka áherzlu á að kynna hinum tryggðu rétt sinn til bóta með útgáfu bæklunga og upplýsingastarfsemi í fjölmiðlum og skólum.

3. Við 12. gr. Greinin orðist svo:

Rétt til örorkulífeyris eiga þeir menn, sem lögheimili eiga á Íslandi, eru á aldrinum 16—67 ára og:

- a) hafa átt lögheimili á Íslandi a. m. k. þrjú síðustu árin, áður en umsókn er lögð fram, eða hafa haft óskerta starfsorku, er þeir tóku hér lögheimili;
- b) eru öryrkjar til langframa á svo háu stigi, að þeir eru ekki færir um að vinna sér inn helming þess, er andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn í því sama héraði við störf, sem hæfa líkamskröftum þeirra og verkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af þeim með hliðsjón af uppeldi og undanfarandi starfa.

Ef örorkan er 50% eða meiri, greiðist hálfur örorkulífeyrir fyrir 50% örorku, hækkar síðan um 2% fyrir hvert örorkustig, sem við bætist, unz örorkan nemur 75%, þá greiðist fullur lífeyrir.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að veita örorkustyrk þeim, sem stundar fullt starf, en verður fyrir verulegum aukakostnaði sökum örorku sinnar, og heimilt er að greiða slíkan styrk vegna bæklunar eða vanþroska barns innan 16 ára aldurs, ef hún hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða mikla umönnun. Tryggingaráð setur reglur um örorkustyrki, og skulu þær staðfestar af ráðherra.

Tryggingayfirlæknir metur örorku þeirra, sem sækja um örorkubætur. Áfrýja má úrskurðum hans til tryggingadómstóls.

Fullur árlegur örorkulífeyrir skal vera kr. 70 560.00, og greiðist hann eftir sömu reglum og ellilífeyrir, eftir því sem við getur átt. Við ákvörðun lögheimilistíma skv. 2. málsg. 11. gr. skal reikna tímamann fram til 67 ára aldurs umsækjanda.

4. Við 14. gr.
 - a. Í stað orðanna „17 ára“ í fyrstu málsgrein komi: 18 ára.
 - b. Á eftir orðunum „sökum örorku eiginkonu“ í 3. málsg. komi: svo og með barni manns, sem sætir gæzlu- eða refsivist, enda hafi hún varað a. m. k. þrjá mánuði.
 - c. Í stað orðanna „Barnalífeyrir greiðist móður eða foreldrum barnanna“ í 4. málsg. komi: Barnalífeyrir greiðist foreldri eða foreldrum barnanna.
5. Við 15. gr.
 - a. Í stað „16 ára aldri“ komi: 18 ára aldri.
 - b. Á eftir fyrstu málsgrein bætist: Sams konar bætur skulu greiddar einstæðum feðrum, sem halda heimili fyrir börn sín.
 - c. Í stað „Með einu barni kr. 6 192.00“ komi: Með einu barni kr. 16 800.00.
6. Við 17. gr. Í stað „16 ára“ komi: 18 ára.
7. Við 19. gr. Greinin orðist svo:

Greiða skal uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef sýnt þykir, að lífeyrisþegi geti ekki komizt af án hækkunar.

Nú eru tekjur elli- og örorkulífeyrisþega lægri en kr. 120 000.00 á ári, og skal þá hækka lífeyri hans um það, sem á vantar þá fjárhæð. Sama gildir um hjónalífeyri, eftir því sem við á.

Nú ákveður sveitarstjórn að koma á fót heimilishjálpar fyrir ellilífeyrisþega, og getur tryggingaráð þá ákveðið, að útgjöld vegna slíkrar heimilishjálpar skuli að nokkru eða öllu leyti reiknuð sem uppbætur á lífeyri samkvæmt þessari grein, enda séu reglur um starfsemi þessa samþykktar af tryggingaráði.
8. Við 23. gr. Í stað orðanna „17—67 ára að aldri“ í 1. málsg. komi: 18—67 ára að aldri.
9. Við 26. gr. Í stað orðanna „yngri en 16 ára“ í 1. málsg. komi: yngri en 18 ára.
10. Við 29. gr. Við bætist nýr stafliður (f).
 - f. Íþróttafólk, sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, hvort heldur er æfingum, sýningum eða keppni og orðið er 16 ára.
11. Við 34. gr. Í stað „yngri en 16 ára“ í 3. málsg. komi: yngri en 18 ára.
12. Á eftir 34. gr. bætist við ný grein, svo hljóðandi:

Skipverjar, þar með taldir formenn á bátum undir 12 smálestir að stærð, sem tryggðir eru samkv. 29. gr. laganna, skulu njóta sérstakra örorku- og dánarbóta til viðbótar þeim bótum, sem ákveðnar eru í 34. og 35. gr.

Hinar sérstöku bætur skulu vera 600 þús. kr. miðað við dauða, en 800 þús. kr. við 100% varanlega örorku, en hlutfallslega lægri ef varanleg örorka er metin innan við 100%. Ráðherra getur breytt bótaupphæðum til hækkunar, ef almenn hækkun verður á umsömdum slysabótum sjómanna á stærri bátum en 12 smálesta.

Um bætur þessar gilda hinar almennu reglur laganna, eftir því sem við á.
13. Við 36. gr. Á eftir 1. málsg. komi:

Íþróttafélög greiða $\frac{1}{4}$ af iðgjöldum fyrir íþróttafólk, en ríkissjóður $\frac{3}{4}$. Nánari ákvæði um slysaftryggingar íþróttafólks og skiptingu iðgjalda skulu sett í reglugerð í samráði við Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands.
14. Við 40. gr.
 - a. Í stað „16 ára“ í 1. málsg. komi: 18 ára.
 - b. Í stað „16 ára“ í 2. málsg. komi: 18 ára.
15. Við 41. gr. Í stað „16 ára“ í 1. málsg. komi: 18 ára.

16. Við 43. gr.

a. B-liður orðist svo:

Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir eftir tilvísun samlagslæknis hjá sérfræðingum að $\frac{3}{4}$ hlutum, þó að fullu vegna ellilífeyrisþega. Sjúkrasamlagsstjórn getur takmarkað heimild samlagslækna til tilvísana samkv. þessum lið.

b. C-liður orðist svo:

Lyf, sem ellilífeyrisþegar nota, að fullu, svo og lyf, sem öðrum samlagsmönnum er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri, og önnur nauðsynleg lyf að $\frac{3}{4}$ eða $\frac{1}{2}$, enda séu lyfin í lyfjaskrá, sem Tryggingastofnunin lætur gera og staðfest skal af heilbrigðisstjórninni. Heimilt er í skrá þessari að takmarka greiðslu ákveðinna lyfja við tiltekið hámark.

c. Við bætist nýr stafliður, i, svo hljóðandi:

Tannlækningar hjá tannlækni, sem sjúkrasamlagið hefur samið við, að $\frac{3}{4}$ hlutum fyrir samlagsmenn og börn þeirra, sem eru ekki á skólaskyldualdri.

Ákvæði þetta tekur til tannlækninga, sem teljast heilsufarsleg nauðsyn, en nær ekki til aðgerða, sem sjúkratryggingadeild greiðir fyrir, og er bundið því skilyrði, að skólayfirvöld á sjúkrasamlagssvæðinu haldi uppi skólatannlækningum og kosti þær a. m. k. að $\frac{3}{4}$ hlutum.

17. Við 44. gr.

a. 4. málsgr. orðist svo:

Sjúkradagpeningar skulu ekki vera hærri en slysadagpeningar samkvæmt 33. gr. og ekki lægri en kr. 251.00 á dag fyrir einstakling eldri en 18 ára og kr. 75.00 fyrir hvert barn á framfæri, þar með talin börn utan heimilis, sem umsækjandi sannanlega greiðir með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi.

b. Á eftir orðunum „ella allt að $\frac{2}{3}$ hlutum“ í 6. málsgr. komi: Lækkunin tekur þó ekki til sjúkradagpeninga vegna barna sjúklings.

c. Niðurlagsorð 6. málsgr.: „Dagpeningar húsmóður“ o. s. frv., falli niður.

18. Við 54. gr. Við greinina bætist:

Starfsfólk sjúkrasamlaga, Tryggingastofnunarinnar og umboðsmenn hennar skulu kynna sér til hlítar aðstaður umsækjenda og bótaþega og gera þeim grein fyrir ýtrasta rétti þeirra samkv. lögum þessum, reglugerðum og starfsreglum stofnananna.

19. Við 63. gr. Í stað „17 ára“ komi: 18 ára.

20. Við 72. gr. Í stað orðanna „16 ára aldurs“ í 1. málsgrein komi: 18 ára aldurs.

21. Við 80. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1971.